

## FUNDARGERÐ

### Héraðsnefnd Þingeyinga

kom saman til fundar að Garðarsbraut 5 á Húsavík 20. nóvember 2014 kl. 14:00.

#### **Mætt voru:**

Héraðsnefndarfulltrúarnir Arnór Benónýsson frá Þingeyjarsveit, Jónas Einarsson og Óli Halldórsson frá Norðurþingi, Reynir Atli Jónsson frá Langanesbyggð, Sigurður Þór Guðmundsson frá Svalbarðshreppi, Steinþór Heiðarsson frá Tjörneshreppi og Yngvi Ragnar Kristjánsson frá Skútustaðahreppi.

Þá sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður, Arnór Benónýsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna til starfa.

#### **Þetta gerðist:**

### **1. Rekstraráætlun 2015**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir rekstraráætlun ársins þar sem gengið er út frá svipuðum rekstri og á yfirstandandi ári. Fyrirsjáanlegt er að tekjur vegna Skjálfandfljóts munu minnka verulega í kjölfar nýs útboðs á ánni. Einnig er gert ráð fyrir verulegri lækkun framlaga sveitarfélaganna þar sem tímabundin fjárförf vegna uppgjors á jólasveinabókum er ekki lengur fyrir hendi.

Heildarútgjöld eru áætluð 6,2 mkr. þar af 2,2 mkr. vegna almannavarna, 1,6 mkr. vegna skipulags- og hönnunarvinnu í Þingey en sótt hefur verið um aðra eins upphæð í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, og 2,7 mkr. í almennan rekstur, þ.m.t. hækkun lífeyrisskuldbindinga um 0,6 mkr. Gert er ráð fyrir að peningalegur halli að upphæð um 0,75 mkr., þegar tillit hefur verið tekið til tekna og gjalda vegna Þingeyjar, verði fjármagnaður af handbæru fé. Tekjur vegna Skjálfandaflljóts eru áætlaðar 0,67 mkr. og framlög sveitarfélaganna 3,5 mkr.

Að umræðu lokinni var áætlunin samþykkt og jafnframt ákveðið að leita tilboða í endurskoðun ársreikninga.

### **2. Samstarf sveitarfélaganna á starfsvæði HNP**

#### **a. Endurskoðun á hlutverki og samþykktum**

Formaður opnaði umræðuna en fyrir liggur að frá gildistöku núverandi sveitarstjórnarlaga 1. janúar 2012 hefur samstarf sveitarfélaga á þeim grunni sem héraðsnefndirnar voru, ekki verið skilgreint í lögnum og er hugtakið héraðsnefnd þar ekki lengur að finna.

Samstarf sveitarfélaganna rætt ítarlega út frá ýmsum hliðum, m.a. um fyrirkomulag þess samstarfs sem nú þegar er fyrir hendi, bæði á vettvangi héraðsnefndar en einnig undir merkjum Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

(MMP) og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga (AÐ). Voru nefndarmenn sammála um að skoða bæri kosti þess og galla að sameina undir einum hatti þau verkefni sem rekin eru sameiginlega, m.a. til þess að auka yfirsýn og ná fram betri nýtingu fjármuna, án þess að dregið væri úr faglegum áherslum á hverju sviði. Jafnframt voru ræddar hugmyndir um meira samstarf á sviði stjórnsýslu sveitarfélaganna í þeim tilgangi að styrkja hana innan hvers þeirra um sig. Sú skoðun var almenn að æskilegt væri að endurnýjað form samstarfsins væri með þeim hætti að unnt væri að bæta við eða fækka verkefnum eftir því sem hagfellt þætti á hverjum tíma án þess að taka þyrfti grundvallarsamninga og / eða samþykktir slíks samstarfs upp.

Að umræðu lokinni var samþykkt að skipa formann, framkvæmdastjóra og Steinþór Heiðarsson í starfshóp um endurskoðun samþykpta héraðsnefndarinnar og fyrirkomulag samstarfs í héraði. Er starfshópnum jafnframt falið að leita eftir þátttöku MMP og AÐ að honum.

#### **b. Samstarf um rekstur bókasafna**

Óli Halldórsson vakti máls á þeim miklu breytingum sem orðið hafa á notkun bókasafna og þeim áskorunum fyrir þau sem þeim fylgja. Mögulega megi takast á við þær með auknu samstarfi þeirra á milli, s.s. varðandi innkaup, skráningar og innleiðingu upplýsingatækni í starfseminu. Nefndarmenn sammála um að aukið samstarf bókasafnanna gæti verið einn flötur endurnýjaðs samstarfs í héraði sem til umræðu var á fundinum.

### **3. Málefni almannavarna í héraði**

#### **a. Uppsagnarbréf starfsmanns, Friðriks Jónssonar**

Lagt fram uppsagnarbréf Friðriks Jónssonar þar sem hann óskar eftir að hætta störfum og segir sig jafnframt úr almannavarnarnefnd. Í fyrirbyggjandi þríhliða samningi Friðriks, héraðsnefndar og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga er gagnkvæmur þriggja mánaða uppsagnarfrestur miðað við áramót. Fram kom að Friðrik óskar eftir að hætta um nk. áramót og fellst nefndin á það en felur framkvæmdastjóra jafnframt að leita samkomulags við Friðrik um að starfa eitthvað lengur, eða þar til ljóst er hvernig koma megi þeim störfum sem hann hefur sinnt fyrir.

Jónas Einarsson og Óli Halldórsson þurftu að víkja af fundi þegar hér var komið dagskrá.

#### **b. Skipulag almannavarna í nýju lögregluumdæmi**

Framkvæmdastjóra og Steinþóri Heiðarssyni var á síðasta fundi falið að vinna drög að nýjum samstarfssamningi sveitarfélaganna í samáði við forsvarsmenn almannavarna í héraði. Vegna breytinga á lögregluumdæmum um n.k. áramót

er óvissa um hvernig þessum málaflokki verður fyrir komið og því hefur vinna við umræddan samning ekki farið af stað.

Héraðsnefnd Þingeyinga leggur áherslu á að núverandi umdæmi Almannavarna Þingeyinga verði áfram sérstakt almannavarnarumdæmi þannig að áfram verði unnið með þá samhæfingu og árangur, m.a. við gerð viðbragðsáætlana, sem náðst hefur á svæðinu á síðustu árum.

Felur nefndin framkvæmdastjóra og Steinþóri Heiðarssyni áframhaldandi eftirfylgni með málinu.

#### **4. Kjör í Náttúruverndarnefnd sbr. 14. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd – þrír aðalmenn og þrír til vara**

##### **Aðalmenn kjörnir:**

Ásvaldur Ævar Þormóðsson  
Gréta Bergrún Jóhannesdóttir  
Þorkell Lindberg Þórarinsson

##### **Varamenn kjörnir:**

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir  
Sigurður Þór Guðmundsson  
Sigprúður Stella Jóhannsdóttir

#### **5. Málefni MMP**

##### **a. Rekstraráætlun 2015 ásamt verkefnaáætlun**

Áætlunin samþykkt en því beint til stjórnar MMP að setja fram í áætlun samanburð við síðustu rauntölur.

##### **b. Fundargerð aðalfundar MMP 27. ágúst 2014**

Lagt fram til kynningar.

##### **c. Fundargerð stjórnar MMP 4. nóv. 2014**

Lagt fram til kynningar.

#### **6. Önnur mál**

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:10